

Stundum

Ég safnaði æðum þínum saman  
og kom þeim fyrir í fiskabúr.  
En þegar ég sá  
að þetta var aðeins kerfisbundin ást  
fór ég í krummafót  
og hæddist að sjálfri mér.  
„HAHA, stelpuskjátan þín  
,mikið getur þú verið vitlaus“.

Í Kína elskar fólk  
aftur á bak.  
Ég ætla að gera það líka.  
En ekki í kvöld.  
Nei, í kvöld ætla ég að veggfóðra á mér hárið.

Ég hrópaði til hafsins;

„Á morgun verð ég drotning  
þó höllina sé hvergi að finna  
Á morgun verð ég drotning.  
Á morgun“.

Þá var  
svefndrukkin aldan  
að hvísla einhverju að mér  
sem ég er löngu búin að gleyma.

